Þverárfjallsvegur (744)

Í þessu blaði er auglýst útboð 2,4 km kafla á Þverárfjallsvegi, vestan við kafla sem unnið hefur verið að sl. tvö ár og verður að mestu lokið á næstum vikum þegar fyrra lag klæðingar hefur verið lagt.

Þá á eftir að endurbyggja samtals 22,4 km sitt hvoru megin við Þverárfjall til að fullnægjandi vegur nái frá Sauðárkróki yfir á Skagastrandarveg. Kostnaðaráætlun er sem hér segir:

1. Skagastrandarvegur - Skúfur 7 km: 220 m.kr. þar af er áætlaður kostnaður við brú á Laxá neðan við Skrapatungu 60 m.kr. (36-40 m löng tvíbreið brú).
2. Skagavegur - Heiði 8 km: 135 m.kr. en nýi vegurinn kemur til með að fylgja núverandi vegi að stórum hluta.
3. Heiði - Sauðárkrókur 7,4 km: 210 m.kr. þar af er áætlaður kostnaður við brú á Gönguskarðsá 70 m.kr. (30 m löng tvíbreið brú).

Ekki liggur fyrir hvernig verður með fjárveitingar í framhaldi þessarar vegagerðar en það mun líklega skýrast þegar Alþingi samþykkir nýja vegáætlun í vetur. Þeir kaflar sem eftir standa eftir þennan áfanga eru svo burðarlitlir að þeir koma að litlu gagni til frambúðar. Á það sérstaklega við um vesturhlutann.

Vegalengdin frá Sauðárkróki til Blönduóss er 74 km um Hringveg (1) en 45 km um Þverárfjallsveg. Styttingin er því tæpir 30 km. Vegalengdin frá Sauðárkróki til Skagastrandar er 92 km um Hringveg (1) en 50 km um Þverárfjallsveg. Styttingin er því 42 km.



Þverárfjallsvegur að vestanverðu er ekki þesslegur að geta tekið við mikilli og þungri umferð.

Niðurstöður útboða

Vegna mistaka hefur dregist að birta niðurstöður tveggja útboða sem voru opnuð 6. ágúst sl.

Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðsfirði 02-073

Tilboð opnuð 6. ágúst 2002. Austurlandsumdæmi. Endurbætur og lagfæringar á Suðurfjarðavegi í og við þéttbýlið á Fáskrúðsfirði. Gera á um 250 m² áningarstað, byggja 25 m langan stoðvegg, endurbyggja um 100 m langan vegkafla ofan við hafnarsvæði og setja ræsi, niðurföll og frárennslislagnir á um 60 m vegkafla innst í þéttbýlinu.

Helstu magntölur: skeringar 1.000 m³, burðarlög 1.200 m³, klæðing 1.000 m², frárennslislagnir 120 m.

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júní 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	5.795.000	100,0	915
1	Töggur ehf., Fáskrúðsfirði	4.879.740	84,2	0

Hafnarfjarðarvegur (40), aðrein Digranesvegar 02-072

Tilboð opnuð 6. ágúst 2002. Reykjanesumdæmi. Hafnarfjarðarvegur (40) aðrein Digranesvegar. Um er að ræða aðrein frá Digranesvegi að Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi með breikkun inn í miðeyju.

Helstu magntölur: skering í laus jarðlög 1.780 m³, neðra burðarlag 300 m³, efra burðarlag 520 m³, malbik 5.160 m², yfirborð eyju og fláa 1.770 m², kantsteinar 1.365 m, vegrið 580 m.

Verki skal vera að fullu lokið 1. nóvember 2002.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Háfell ehf., Reykjavík	28.996.900	105,4	8.227
---	Áætlaður verktakakostnaður	27.500.000	100,0	6.730
4	Jarðvélar ehf., Kópavogi	27.104.700	98,6	6.335
3	Loftorka ehf., Garðabæ	26.096.300	94,9	5.326
2	Heimir og Þorgeir ehf., Garðabær	23.136.250	84,1	2.366
1	Arnarverk ehf., Kópavogi	20.769.850	75,5	0